



Sóknaráætlanir Landshluta

Uppbygging
samskiptaáss milli
tveggja stjórnsýslu-
stiga

RÁÐSTEFNA UM ESPON OG ÍSLAND 12. mars 2012

Umboðsferlið

- Samstarfsyfirlýsing Ríkisstjórnar (2009)
- 20/20 Sóknaráætlun (ferli)
- Ísland 2020 (stefnumarkandi skjal)
- Sóknaráætlanir landshluta (verkefni)
- Tillaga um sameiginlegan skilning Stjórnarráðsins og stofnun stýrinets til útfærslu Sóknaráætlana landshluta árið 2012-2020 (samþykkt af ráðherranefnd um ríkisfjármál)

2020

ÍSLAND

Samstarfsyfirlýsing ríkisstjórnar - 2009

- Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir:
 - opinni stjórnsýslu, auknu gagnsæi og lýðræðisumbótum.
- Ríkisstjórnin mun efna til víðtæks samráðs um:
 - **sóknaráætlanir fyrir alla landshluta** til eflingar atvinnulífs og lífsgæða til framtíðar.
 - Markmiðið:
 - sameiginlega framtíðarsýn
 - Samþætting stefna og áætlana auk ýmsa samninga




Ísland 2020

- Sóknaráætlanir verði unnar fyrir hvern landshluta. Þær taki mið af núverandi svæðaskiptingu
- Auk fjármögnunar einstakra verkefna í fjárfestingaráætlun til langs tíma verði utanumhald og einstök verkefni sóknaráætlana landshluta fjármagnaðar með sameiningu vaxtarsamninga, menningarsamninga og endurskipulagningu og sameiningu á stoðkerfi atvinnu- og byggðapróunar.



Vinnulag:

Stundaglas-skapalón





Samskipti við landshlutasamtök - 2011


- Kynningarfundir FOR, IDN, IRR með landshlutasamtökum um land allt (7 fundir)
 - FJR kemur að sem ábyrgðaraðili fjárfestingaráætlunar
- Sameiginlegir fundir með öllum landshlutasamtökum
- Samráð og upplýsingagjöf milli landshlutasamtaka og ráðuneyta
 - Lærdómsferli!
 - Tengslanet (ráðuneyta)
 - Tengslanet ráðuneyta við Landshlutasamtök



Sóknaráætlanir Landshluta - 2011

- Valddreifing
- Svæðaskipting
- Einstök verkefni fjárfestingaráætlunar
- Vaxta og menningasamningar (fjárm. Sameining)
- Endurskipulagning/sameining stoðkerfis atvinnu- og byggðapróunar
- Forgangsröðun

Fjárfestingaráætlun




2020

ÍSLAND

Tengslanet ráðuneyta

Social Power	Direction of Power	Vector (leiðni) of Tie	Dynamic of Authority	Meta-Organisational structure
Boðvald (Command and Control)		Vertical (lóðrétt) tengsl	Vald yfir	Stigveldi
Eftirgjöf og málamiðlun (Concession and compromise)		Diagonal	Umsamin völd	Blandað
Samstarf og samvinna) (Collaboration and cooperation)		Horizontal (lárétt) tengsl	Vald með	Samstarfsform
Samkeppni (Competition)		Engin tengsl	Vald gangvart	Markaðir

Wired, Joined-Up and Pushed Down



Verkefni SL – 2011

Höfuðborgarsvæðið:

Uppbygging hjóla- og göngustíga

Suðurnes:

Reykjanes Geopark – Stofnun jarðvangs á Reykjanesi

Suðurland:

Art verkefnið – forvarnarverkefni innan grunnskólanna

Austurland:

Uppbygging jarðfræðiseturs á Breiðdalsvík

Norðurland eystra:

Fjarskipti og gagnaflutningar – Norðurslóðamiðstöð Íslands

Norðurland vestra:

Lagning hitaveitu frá Reykjum við Húnavelli að Skagaströnd - Dreifnám í Húnaþingi vestra

Vestfirðir:

Haf og strönd – undirbúningsverkefni um eflingu kjarnahæfni Vestfjarða.

Vesturland:

Efling fjarskipta og gagnaflutninga - Efling sveitarstjórnarstigsins

- Ráðherranefnd um ríkisfjármál setti þrjá fyrirvara við þau 11 verkefni sem valin voru á þessu fyrsta ári sóknaráætlana landshluta.
 - Í fyrsta lagi að verkefni séu unnin í samvinnu ábyrgðarráðuneyta verkefnanna og viðkomandi landshlutasamtaka.
 - Í öðru lagi að þær verkefnalýsingar sem bárust frá landshlutasamtökum séu lagðar til grundvallar en opið sé fyrir breytingar á þeim varðandi útfærslu verkefnanna.
 - Í þriðja lagi að fjárveitingar fari ekki í önnur verkefni heldur einungis þau sem nefnd eru hér að framan.



2012



Um nýtt skipulag

Ábyrgð á framkvæmd verkefnisins hefur verið sameiginleg hjá iðnaðarráðuneytið og innanríkisráðuneyti – með mikilli og virkri samhæfingu og utanumhaldi af hálfu forsætisráðuneytisins sem einnig hefur borið ábyrgð á tengslum við þá aðila sem að verkefninu hafa komið.

Ábyrgð


Verkefnið er samstarfsverkefni þvert á ráðuneyti (stýrinet) en ábyrgð á grunnþáttum verkefnisins liggur hjá innanríkisráðuneytinu sem útbýr verkefnislýsingu fyrir verkefnið.



Framtíðarsýn og fjármögnun

Sóknaráætlanir landshluta munu skerpa og skýra samskiptaferlið milli ríkis og sveitarfélaga. Með slíkum samskiptaási ættu sveitarfélög landsins í gegnum landshlutasamtökin að hafa aukin áhrif á úthlutun almannaafjár og þannig haft áhrif á forgangs röðun opinberra verkefna í eigin landshlutum hvort sem þau snúa að fjárfestingum eða rekstri. Fyrst í stað gerist það í gegnum verkefnaval en samkvæmt stefnumótunarskjalinu Ísland 2020 eiga sveitarfélögin að geta haft áhrif á stefnumótun og áætlanagerð ríkisvaldsins til lengri tíma. Regluleg og hlutlæg samskipti um verkefni og áherslur í gegnum sóknaráætlanir landshluta geta með því móti aukið jafnvægi í samskiptum ríkis og sveitarfélaga, aukið gagnsæi, lýðræði og samhæfingu.

Fjármögnun verkefna og áherslna sem koma í gegnum sóknaráætlanir landshluta má greina í fjórar áskoranir sem stýrinetið í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök standa frammi fyrir.







ÍSLAND

Framtíðarsýn og fjármögnun

1. Í fyrsta lagi að vinna með landshlutum, stofnunum og ráðuneytum að því að samþætta ýmis konar styrkjafyrirkomulag, samninga (s.s. vaxta- og menningarsamninga), atvinnuþróunarfélög og ýmsa þjónustu ríkisins í landshlutum undir einn hatt og tengja með beinum hætti við sóknaráætlun landshluta og forgangsröðun einstakra landshluta. Undirbúniningur að slíkum stoðstofnunum í landshlutum er langt kominn á Austurlandi og Suðurlandi.
2. Í öðru lagi þarf að vinna að framtíðarskipulagi fyrir fjármögnun verkefna sem sóknaráætlanir landshluta setja í forgang. Finna þarf fyrirkomulag sem virkar og felur í sér fjárveitingar til lengri tíma. Fylgjast þarf með þeirri vinnu sem nú á sér stað við endurskoðun fjárreiðulaga, skoða þarf þá möguleika sem einhvers konar sjóðakerfi kann að bjóða upp á, ákveða þarf framtíðarhlutverk og fyrirkomulag fjárfestingaráætlunar o.s.frv.
3. Í þriðja lagi þurfa landshlutasamtökin að hefjast handa við gerð sóknaráætlana landshluta í samstarfi við ofangreinda aðila. Hér er lagt til að Byggðstofnun taki að sér lykilhlutverk við að aðstoða landshluta við mótun slíkra áætlana.
4. Í fjórða lagi verði það skoðað að fyrst um sinn verði notast við hið hefðbundna fjárlagaferli, fyrir þau 35 verkefni sem féllu í annan flokk greiningarkrítéríunar.



Um nýtt skipulag

Stýrinet

Í stýrineti sitja fulltrúar allra ráðuneyta, framkvæmdastjóri sambands í slenskra sveitarfélaga auk starfsmanns. Stýrinetið kys sér formann. Hlutverk stýrinetsins er að stýra framgangi að vinnu við sóknaráætlanir landshluta og hafa yfirumsjón með ferlinu. Stýrinetið hittist á fjögurra vikna fresti. Stýrinetið getur kallað til sín á fundi aðila úr samráðshópi og sérfræðingaráði. Stýrinetið upplýsir um framgang verkefnisins með skýrslu einu sinni á ári. Verkefnið skal staðsett í innanríkisráðuneytinu. Lagt er til að sérfræðingur Bygðastofnunar vinni sem verkefnisstjóri undir stýrinetinu.

Sérfræðingaráð

Sérfræðingaráð er óformlegur hópur stjórnar- og forstöðufólks stofnana auk sérfræðinga sem stýrinetið kallar eftir hentugleik til ráðgjafar.




Um útfærslu verkefnisins

Útfærsla sóknaráætlana landshluta er hugsuð þannig að þær verði grunnur að byggðastefnu. Áherslur sóknaráætlana hafa annars vegar stefnumarkandi áhrif á fjárlagagerð. Hins vegar er fyrirhugað að þeir sjóðir og samningar sem úthluta almannafé til opinberra verkefna í sveitarfélögum renni saman í eina verkefnastoð með stjórn og starfsmenn. Úr þeirri stoð yrði úthlutað fjármunum til verkefna sem berast í gegnum ákveðið umsóknarferli frá landshlutasamtökum. Fyrirkomulagið býður uppá þann möguleika að ríkisstjórnin fundi einu sinni á ári í hverjum landshluta þegar sóknaráætlunum er skilað inn og fari yfir áherslur hvers landshluta með heimamönnum.

Fjármunir til ýmissa verkefna í landshlutum - DRÖG

	2012		
Vaxtarsamningar alls	215.000.000		
Rekstarframlag til atvinnuþróunarfélaga	140.700.000		
Framlag IDN til menningarsamninga	40.000.000		
Framlag MMR til menningarsamninga	140.000.000		
Sóknaráætlanir Landshluta	219.600.000		
Annað	285.200.000		
Samtals	1.040.500.000		





JAHRE VIKING